

“Allt hefur áhrif, einkum við sjálf”

Allt hefur áhrif, einkum við sjálf



Stefna og aðgerðaáætlun Norðurþings 2007 – 2010
Samþykkt í sveitarstjórn 19. júní 2007.




Efnisyfirlit

Inngangur	3
Stefna og aðgerðaáætlun Norðurlands 2007 – 2010.....	3
Almennt.....	3
Næring.....	4
Hreyfing	4
Skipulag – umhverfi.....	5
Íþróttahreyfingin.....	6

Inngangur

Í febrúar 2005 samþykkti bæjarstjórn Húsavíkurbæjar að fenginni tillögu fræðslunefndar að taka þátt í samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar “Allt hefur áhrif, einkum við sjálf”. Í framhaldi af samþykkt bæjarstjórnar var í samræmi við vinnuleiðbeiningar Lýðheilsustöðvar skipaður stýrihópur vegna verkefnisins. Í kjölfar sameiningar sveitarfélaga í júní 2006 var hópurinn útvíkkaður í samræmi við samþykkt fjölskyldu- og þjónusturáðs og nær til alls sveitarfélagsins Norðurþings.

Við upphaf verkefnisins var staða Húsavíkurbæjar metin út frá gátlistum. Niðurstaða þessa stöðumats birtist á myndinni hér að neðan.



Staða Húsavíkurbæjar miðað við meðaltal annarra sveitarfélaga sem taka þátt í verkefninu “Allt hefur áhrif, einkum við sjálf” 5 er besta staða, 0 lakast.

Eins og sést var staða Húsavíkurbæjar frekar sterk og ánægjulegt að geta sett áhersluna á að gera gott betra. Ekki var lagt formlegt mat á aðra hluta Norðurþings en sveitarfélagið í heild er nú þátttakandi í verkefninu og munu kannanir á lífsháttum og aðstæðum barna verða gerðar í öllu sveitarfélaginu í framtíðinni.

Hér á eftir fara tillögur stýrihóps vegna verkefnisins. Tillögum er skipt í efnisflokka í samræmi við áherslupætti eða svið samkvæmt köngulóarvef hér að framan. Stefnan miðar við aðstæður í sveitarfélaginu í dag og er nauðsynlegt að viðhalda henni og endurskoða árlega svo hún haldi gildi sínu.

Stefna og aðgerðaáætlun Norðurþings 2007 – 2010

Almennt

Ábyrgðaraðili: Framkvæmdastjóri Fjölskyldu- og þjónustusviðs.

- Við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert verði tekið mið af stefnu og aðgerðaráætlun um hreyfingu og næringu barna og unglunga.

- *Forstöðumönnum og öðrum er vinna að gerð fjárhagsáætlunar sé stefna sveitarfélagsins skýr og þeir fylgi henni eftir við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.*
 - Ábyrgð: Forstöðumenn.
- Til að stefnan verði virk er nauðsynlegt að kynna hana vel fyrir íbúum.
 - *Í því skyni verði haldnir kynningarfundir.*
 - *Á heimasíðu sveitarfélagsins verði tenging inná svæði þar sem stefnan er birt ásamt upplýsingum um vinnu stýrihópsins og fræðsluefni um heilbrigða lífshætti, næringu og hreyfingu.*
 - *Á heimasíðu sveitarfélagsins veðri viðburðadagatal vegna íþróttá og tómsunda og annarra viðburða.*

Næring

- Í þeim skólum sveitarfélagsins sem bjóða uppá skólamáltíðir verði farið eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar (handbækur um mötuneyti leik- og grunnskóla).
 - *Sveitarfélagið fái þjónustu næringarráðgjafa við gerð matseðla og fræðslu til matráða.*
 - Haustið 2007.
 - Ábyrgð: Skólastjórar, framkvæmdastjóri Fjölskyldu- og þjónustusviðs.
- Þar sem skólamáltíðir eru í boði verði verðlagning ekki hamlandi á þáttöku í mötuneyti.
 - Ábyrgð: Sveitarstjórn.
- Í þeim skólum þar sem mötuneyti er ekki til staðar verði markvisst lögð áhersla á hollt skólanesti leiðbeiningar og ráðleggingar verði foreldrum og nemendum aðgengilegar.
 - *Sveitarfélagið fái þjónustu næringarráðgjafa við gerð ráðlegginga og reigna vegna nestis leik- og grunnskólabarna.*
 - Haustið 2007.
 - Ábyrgð: Skólastjórar, framkvæmdastjóri Fjölskyldu- og þjónustusviðs.
- Til að auka neyslu á ávöxtum og grænmeti meðal grunnskólabarna bjóði sveitarfélagið tvisvar í viku grænmeti og/eða ávextir í morgunhléi grunnskólanna.
 - Frá ársbyrjun 2008.
 - Ábyrgð: Skólastjórnendur.
- Ávaxtastundir þar sem í boði eru ferskir ávextir og grænmeti verði í öllum leikskólum í sveitarfélaginu.
 - Frá ársbyrjun 2008.
 - Ábyrgð: Skólastjórnendur.
- Lögð verði áhersla á að bjóða holla skyndibita og snakk s.s. ávexti og grænmeti í félagsmiðstöðvum.
 - Ábyrgð forstöðumaður íþróttamannvirkja og frístundastarfs.
- Gossjálfsalar eru ekki og verða ekki í íþróttamiðstöðvum.
 - Ábyrgð forstöðumaður íþróttamannvirkja og frístundastarfs.

Hreyfing

- Snemmtæk íhlutun í hreyfiþroska leikskólabarna, innleiða í alla leikskóla og festa hreyfistundir í sessi.
 - Haustið 2010.
 - Ábyrgð: Skólastjórar, framkvæmdastjóri Fjölskyldu- og þjónustusviðs.
- Sveitarfélagið stuðli að þáttöku barna og unglunga í íþróttum og hreyfingu með lækkun æfingagjalda.

- Haust 2009.
- Ábyrgð: Sveitarstjórn.
- Íþrótt- og útivistardagar verði í öllum skólum í sveitarfélaginu (leik-, grunn- og framhaldsskólum) tvisvar á starfsári.
 - Frá hausti 2007.
 - Ábyrgð: Skólastjórnendur.
- Einn til tveir laugardagar á ári verði sérstakir ”heilsu- og fjölskyldudagar”, þá verði íþróttamannvirki opin án endurgjalds. Boðnar verði skipulagðar gönguferðir og útivera. Skilyrði fyrir þátttöku barna yngri en 10 ára er að þau séu í fylgd ábyrgðarmanns sem er 18 ára eða eldri.
 - Frá hausti 2007.
 - Ábyrgð: Forstöðumaður íþróttamannvirkja og frístundastarfs, íþróttafélögin.

Skipulag – umhverfi

Ábyrgðaraðili: Framkvæmdastjóri Umhverfis- og tæknisviðs.

- Áhersla verði lögð á gott aðgengi að útivistarsvæðum sveitarfélagsins og íbúar hvattir til útivistar.
 - Komið verði upp upplýsingaskiltum þar sem bent er á útivistarsvæði og leiðbeint um umgengni við þau. Leiðbeinandi upplýsingar um umgengni verði á viðkvæmum svæðum.
 - Tími: Vor 2008.
 - Ábyrgð: Umhverfis- og tæknisvið.
- Göngustígar, hjóltreidastígar og reiðleiðir verði merktir með upplýsingum um vegalengdir.
 - Tími: Haust 2008.
 - Ábyrgð: Umhverfis- og framkvæmdasvið.
- Markvisst verði unnið að því að auka umferðaröryggi með því að draga úr hraðakstri, tryggja öruggar og greiðfærar gönguleiðir og næga lýsingu. Sérstaklega þarf að huga að gönguleiðum og lýsingu í tengslum við leik- og grunnskóla, heilbrigðisstofnanir og dvalarheimili aldraðra.
 - Tími: Aðgerðaáætlun verði tilbúin haustið 2007.
 - Ábyrgð: Umhverfis- og tæknisvið í samvinnu við Vegagerðina og lögreglu.
- Leiðir skólabarna að íþróttasvæðum og sundlaugum verði öruggar.
 - Haust 2010.
 - Ábyrgð: Umhverfis- og tæknisvið í samvinnu við Vegagerðina og lögreglu.
- Áhersla verði á gott aðgengi að sundlaugum og öðrum íþróttamannvirkjum. Við nýbyggingar og endurnýjanir mannvirkja verði komið upp fjölnotaklefum í íþróttamannvirkjum.
 - Bætt verði úr aðgengi að Sundlaug Húsavíkur með fjölnotaklefa við sundlaugina.
 - Ábyrgð: Forstöðumaður íþróttamannvirkja og frístundastarfs.
- Reiðhjólagrindur verði við opinberar stofnanir þar sem við á s.s. skóla, íþróttamannvirki, söfn, stjórnsýslubyggingar og svo framvegis.
 - Vor 2008.

- Leiksvæðum og grænum svæðum verði viðhaldið og þau gerð aðgengileg og notendavæn fyrir börn.
 - Forstöðumaður íþróttamannvirkja og frístundastarfs.
- Gönguskíðabrautir verði lagðar og svæði sem henta til gönguskíðaiðkunar verði aðgengileg.
 - Forstöðumaður íþróttamannvirkja og frístundastarfs.
- Ryðja gönguleiðir á íþróttavöllum yfir veturinn, leggja skíðabrautir.
 - Forstöðumaður íþróttamannvirkja og frístundastarfs.

Íþróttahreyfingin

- Íþróttafélögin viðhaldi stefnu um að þjálfarar hafi menntun til að sinna þjálfun og starfa með börnum og unglungum. Þjálfarar sem ekki hafi menntun starfi undir handleiðslu reyndra þjálfara.
- Aukin verði áhersla á gildi þátttöku í íþróttum án ofuráherslu á keppni.
- Íþróttaskóla fyrir þriggja til sex ára verði viðhaldið.

Viðauki:

Hópurinn skipa Áslaug Guðmundsdóttir frá Íþróttafélaginu Völsungi, Elín Hildur Jónsdóttir frá leikskólunum, Erla Sigurðardóttir fulltrúi fjölskyldu- og þjónusturáðs, Fanney Hreinsdóttir fulltrúi foreldra, Harpa Gunnur Aðalbjörnsdóttir frá Borgarhólsskóla og Sigríður Birna Ólafsdóttir frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Erla Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Fjölskyldu- og þjónustusviðs og fulltrúi fjölskyldu- og þjónusturáðs hefur leitt starf hópsins og verið tengiliður við Lýðheilsustöð.

Lýðheilsustöð leggur til tæki til að nálgast vinnuna og er bakstuðningur hennar afar mikilvægur. Gátlistar til að meta stöðu sveitarfélagsins voru lagðir til af Lýðheilsustöð, þeir eru settir upp fyrir stofnanir og ýmsa aðila innan sveitarfélaganna bæði opinbera og almenn fyrirtæki. Viðkomandi stofnanir voru fengnar til að fylla út gátlistana hver fyrir sig og einnig hópur atvinnurekenda sem fúslega varð við beiðni um þátttöku í verkefninu. Stýrihópurinn fyllti síðan sjálfur út gátlista fyrir sveitarfélagið í heild